

SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Vesturbyggðar, nr. 512/2002.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Bæjarstjórn heldur reglulega fundi að jafnaði þriðja miðvikudag í hverjum mánuði kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

1. mgr. 45. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Bæjarráðsfundi skal að jafnaði halda vikulega að þeim vikum undanskildum þegar haldnir eru reglulegir fundir bæjarstjórnar.

3. gr.

Við B-lið 57. gr. bætist nýr töluliður er verður 14. töluliður og breytist númer annarra töluliða til samræmis. 14. töluliður verður svohljóðandi:

Landbúnaðarnefnd: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Landbúnaðarnefnd fer með landbúnaðarmálefni, sbr. lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 með síðari breytingum. Nefndin hefur yfirumsjón með fjallskilum í samræmi við ákvæði fjallskilareglugerðar auk annarra verkefna sem bæjarstjórn getur falið henni með erindisbréfum.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2006.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.